



EINLEIKARI

**GRETA SALÓME
STEFÁNSDÓTTIR**

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**DANÍEL
BJARNASON**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORDURLANDS

BOLÉRO

BOLÉRO † RAVEL

Fíðlukonsert nr. 1 † Shostakovich

Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit † Snorri Sigfús Birgisson

A Fragile Hope † Daníel Bjarnason

24. NÓVEMBER 2024

Kæru tónleikagestir

Það er okkur mikil ánægja að fá að færa ykkur frumflutning á tveimur nýjum íslenskum verkum í dag. Það er eitt mikilvægasta hlutverk Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands að vera vettvangur fyrir þróun og viðhald íslenskrar tónlistarhefðar og menningar. Með því að frumflytja ný verk fáum við tækifæri til að gera það og um leið styðja við íslensk tónskáld – bæði rótgróin og upprennandi. Við erum svo sannarlega með rótgróið tónskáld í meistara Snorra Sigfúsi, á meðan Daniel, sem er af yngri kynslóð íslenskra tónskálda, er ekki síður reyndur og með aðdáunarverðan árangur á erlendri grundu. Þegar ný íslensk verk eru frumflutt af atvinnuhljómsveit eins og SN eru meiri líkur á að þau veki athygli og áhuga annarra og að þau verði síðar flutt af öðrum hljómsveitum. Þannig fá íslensk verk tækifæri til að lifa lengur og hljóma víðar, sem auðgar bæði íslenska tónlist og vonandi alþjóðleg menningartengsl okkar síðar. Ný íslensk tónlist verður hluti af menningararfi okkar og mikilvægt er að varðveita hana fyrir komandi kynslóðir. Frumflutningur nýrra verka færir tónleikagestum ferskar og óvæntar upplifanir sem er allt önnur upplifun en að hlusta á

eitthvað sem maður þekkir í þaula. Það dýpkar hæfileika okkar til að skilja tónmál betur, hvort sem það er hefðbundið eða framandi. Íslensk tónlist endurspeglar menningu, tilfinningar og sögu landsins, og með því að hlúa að henni styrkjum við sjálfsmynd okkar og tengslin við eigin arfleifð.

Við erum því afar stolt af því að kynna ykkur þessar nýju tónsmíðar og vonum að þær veiti ykkur innblástur og ánægju.

Það er okkur jafnframt heiður að fá konsertmeistara okkar, Gretu Salóme Stefánsdóttur, til að flytja einn tæknilega mest hrífandi fiðlukonsert tónbókmenntanna, fiðlukonsert nr. 1 eftir Shostakovich. Rúsínan í pylsuendanum er svo hið tignarlega Boléro eftir Ravel. Þess ber að geta að konsertmeistari tónleikanna í dag er Guðbjartur Hákonarson.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Tónlistarstjóri Menningarfélags Akureyrar og forsvarsmaður SinfoniaNord.

SNORRI SIGFÚS BIRGISSON
DMITRI SHOSTAKOVICH

Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit
Fiðlukonsert nr. 1

HLÉ

DANÍEL BJARNASON
MAURICE RAVEL

A Fragile Hope
BOLÉRO





HLJÓMSVEITARSTJÓRI TÓNSKÁLD

DANÍEL BJARNASON

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007. Hann var staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Filharmóníusveitirnar í Los Angeles, New York og Helsinki, og Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Tókýó, Gautaborg, Melbourne, Berlín, Zurich, San Francisco, London, Vín og svo mætti áfram telja. Hann hefur gefið út plötur hjá plötufyrirtækjunum Bedroom Community, Sono Luminus, Da Capo og Deutsche Grammophon. Meðal

helstu nýlegra verka Daníels eru óperan Brothers, fiðlukonsertinn Scordatura, píanókonsertinn FEAST og slagverkskonsertinn Inferno. Þrátt fyrir að starfa fyrst og fremst innan heims klassískrar tónlistar hefur Daníel átt gjöfult samstarf við tónlistarfólk úr öðrum tónlistarstefnum, meðal annarra Sigur Rós, Ólöfu Arnalds, Ben Frost, Brian Eno, Hjaltalín og Efterklang.

Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna, m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin (margsinnis bæði sem tónskáld og flytjandi), Edduverðlaunin, Íslensku Bjartsýnisverðlaunin, Norrænu kvikmyndatónlistarverðlaunin (Hörpuna), Kraumsverðlaunin og styrk úr Minningarsjóði Kristjáns Eldjárns.

www.danielbjarnason.com

A FRAGILE HOPE

Í kjölfar ótímabærs andláts Jóhanns Jóhannssonar árið 2018 hóf ég að skissa upp verk fyrir hljómsveit til minningar um hann. Upphaflega sá ég það fyrir mér sem hluta af stærra verki sem ég var að vinna að, en ég fann því að lokum ekki stað þar og lagði uppkastið því til hliðar.

Nokkrum árum síðar, þegar Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar bauð mér að taka þátt í verkefni sem kannaði viðfeðmt vistkerfi hafsins og þá viðkvæmu von sem við berum um framtíð jarðarinnar, fannst mér rétti tíminn kominn til að dusta rykið af þessari skissu. Hún varð upphafspunkturinn að þessu nýja verki.

Í gegnum allt ferlið var Jóhann í huga mér og áhrif hans eru til staðar í allri tónsmíðinni. Á einum stað má til dæmis heyra

óbeina tilvísun í verk hans Odi et Amo úr Englabörnum. Þótt við værum ekki nánir vinir unnum við stundum saman og milli okkar ríkti ávallt hlýhugur og gagnkvæm virðing og aðdáun. Jóhann bjó yfir þeim ótrúlega hæfileika að geta ferðast á milli ólíkra tónlistarheima og brugðið sér í mismunandi gervi án þess að glata nokkru sinni eigin rödd eða persónuleika. Aðdáun mín á verkum hans jókst með árunum og andlát hans var mér mikið áfall.

Fragile Hope er mín leið til að minnast Jóhanns – hugleiðing um fegurðina sem hann færði heiminum, jafnt í ljósi sem skugga.

Daníel Bjarnason



Snorri Sigfús Birgisson er fæddur 29. apríl 1954. Hann stundaði píanónám fyrst hjá Gunnari Sigurgeirssyni en innritaðist síðan í Tónlistarskólann í Reykjavík. Þar lærði hann á píanó hjá Hermínu S. Kristjánsson, Jóni Nordal og Árna Kristjánssyni en lagði einnig stund á tónsmíðar hjá Þorkeli Sigurbjörnssyni. Hann lauk einleikaraprófi 1974. Árin 1974-1975 stundaði hann framhaldsnám í píanóleik hjá Barry Snyder við Eastman School of Music í Bandaríkjunum,

1975-76 tónsmíðanáam í Osló hjá Finn Mortensen (enn fremur nám í raftónlist hjá Lasse Thoresen og "sonology" hjá Thoresen og Olav Anton Thommessen) og 1976-1978 lærði hann tónsmíðar hjá Ton de Leeuw í Amsterdam. Snorri hefur starfað í Reykjavík sem tónskáld, píanóleikari, tónlistarkennari og stjórnandi síðan hann kom heim frá námi (1980). Hann hefur samið einleiksverk, kammertónlist, raftónlist, kórtónlist og símfónísk verk. Hann er félagi í CAPUT hópnum.

Konsert nr. 2 fyrir hljómsveit var saminn á árunum 2020 til 2024 (með hléum) fyrir Sinfóníuhljómsveit Norðurlands að beiðni hljómsveitarinnar. Verkið er í þremur köflum.

Rætur þess liggja víða en ég hafði meðal annars til hliðsjónar stemmu sem Þorbjörn Kristinsson (1918–2001) kvað en Þorbjörn var um árabíl barnaskólakennari við Glerárskóla. Hljóðritun er aðgengileg á netinu (ismus.is). Stemmuna sem ég hafði í huga við samningu verksins kvað Þorbjörn við eftirfarandi vísu eftir bróður sinn, Hjörleif Kristinsson (1918–1992):

**Dags er glæta þrotin þá
þokan vætir kinnar.
Skjóna fætur skripla á
skuggum næturinnar.**

Tónlistarsjóður og Launasjóður tónskálda veittu styrki til verksins.

S.S.B.



DMITRI SHOSTAKOVICH

Dmitri Shostakovich (1906–1975) var eitt af þekktustu og áhrifamestu tónskáldum 20. aldar. Hann fæddist í Sankti Pétursborg í Rússlandi og sýndi snemma tónlistarhæfileika, og hann hóf nám við tónlistarakademíu borgarinnar aðeins þrettán ára að aldri. Fyrsta sinfónía hans, sem hann samdi tvítugur, vakti strax alþjóðlega athygli og hlaut lof gagnrýnenda fyrir frumleika og listrænt hugrekki.

Líf Shostakovich var markað bæði af listrænni frægð og pólitískum ofsóknum. Á þeim árum þegar Sovétríkin voru undir ströngu stjórnvaldi Stalíns varð Shostakovich fyrir miklum þrýstingi um að samræma tónlist sína hugmyndafræði kommúnistaflokksins og hann varð fórnarlamb óvæginnar opinberrar gagnrýni í fjölmiðlum fyrir að hafa brotið gegn „réttum“ sósíalískum gildum í listinni. Óperan Lady Macbeth frá Mtsensk olli miklu uppnámi og Stalín sjálfur gagnrýndi tónskáldið, sem varð til þess að Shostakovich tók fjórðu sinfóníu sína úr flutningi, hræddur við afleiðingarnar.

Þrátt fyrir álagið hélt Shostakovich áfram að skapa stórbrotin verk og lærði að vinna með hömlunum sem voru settar á hann. Sjötta og áttunda sinfónía hans eru þekktar fyrir að fela í sér tilfinningar eins og ógn og sorg, sem oft eru taldar spegla ástand samtímans og líðan listamannsins. Við lok seinni heimsstyrjaldarinnar samdi hann hina viðburðaríku níundu sinfóníu sína, sem mörgum þótti óvenjulega létt fyrir þá alvarlegu tíma, en sú sinfónía var einnig tilraun hans til að nota háð og fínlega gagnrýni í tónmálinu.

Shostakovich samdi yfir 140 verk á ævi sinni, þar á meðal fimmtán sinfóníur, fimmtán strengjakvartetta, óperur, konsert og kvikmyndatónlist. Verk hans þykja bera vott um einstakt samband klassískrar hefðar og samtímans, þar sem hann blandaði hefðbundnum stílum við tilraunakennda tónlist. Eftir dauða Stalíns 1953 fékk Shostakovich að tjá sig frjálssar í tónlist sinni, og ýmsar seinni sinfóníur hans, þar á meðal sú þrettánda, „Babi Yar“, innihéldu beinskeyttari félagslega ádeilu.

Dmitri Shostakovich lést 9. ágúst 1975, 69 ára að aldri, eftir langa og erfiða baráttu við krabbamein í lungum. Síðustu árin bjó hann við veikindi og vaxandi líkamlega þjáningu, sem takmarkaði hæfni hans til að vinna eins óþreytandi og hann hafði gert alla ævi. Í ljósi veikindanna var Shostakovich á þessum tíma farinn að halda sig meira til hlés og einbeitti sér að tónsmíðum sem endurspegluðu í auknum mæli djúpt tilfinningalíf hans og tilvistarlegar hugleiðingar.

Þegar dauðinn nálgast hafði tónskáldið, sem í gegnum tónlist sína hafði tekist á við flókið líf í gegnum áratugi af pólitískum þrýstingi, einnig glímt við veikindi sín með sama styrk og einbeitni. Eftir að hann lést var minningu hans fagnað um víða veröld, og arfleifð hans lifir áfram í ótrúlegum verkum sem geyma sterkar tilfinningar, samfélagslega gagnrýni og óviðjafnanlegt hugrekki gagnvart erfiðleikum.

FIÐLULEIKARI

GRÉTA SALÓME

Greta Salóme hóf tónlistarnám aðeins fjögurra ára gömul þar sem hún lærði á fiðlu í Suzukitónlistarskólanum í Reykjavík. Hún fór svo yfir í Tónlistarskólann í Reykjavík 12 ára gömul og lærði þar undir leiðsögn Guðnýjar Guðmundsdóttur, fyrrverandi konsertmeistara.

Greta Salóme stundaði nám við Menntaskólann í Reykjavík samhliða því að vera í bachelornámi í fiðlu við Listaháskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 2008.

Hún stundaði einnig nám við Stetson University í Flórída þar sem hún lærði hjá fiðluleikaranum Routu Kromovitch. Greta Salóme hefur komið víða við og árið 2012 vann hún Söngvakeppni Sjónvarpsins með frumsamið lag sem heitir Never Forget. Sama ár útskrifaðist hún með meistaragráðu í tónlist frá Listaháskóla Íslands og keppti í Eurovision í Aserbaísjan fyrir Íslands hönd.

Greta Salóme starfaði svo í Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 2008–2018 og tók við sem konsertmeistari í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands árið 2014.

Hún landaði samningi við stórfyrirtækið Disney árið 2014 og hefur haldið tónleika á vegum þess síðan.

Árið 2016 vann Greta Salóme Söngvakeppni Sjónvarpsins í annað sinn og keppti í Eurovision í Stokkhólmi sama ár.


Greta Salóme kemur reglulega fram bæði innanlands og utan og eru verkefni hennar fjölbreytt, allt frá því að spila háklassísk verk á fiðluna og yfir í að syngja popplög og leikstýra sumum af stærstu tónleikasýningum Íslands.

Fiðlukonsert nr. 1 í a-moll, op. 77, eftir Dmitrí Shostakovich er eitt af áhrifamestu verkum hans fyrir einleiksfíðlu. Hann samdi konsertinn árið 1947–1948, á tíma pólitísku álags, en vegna stöðugra eftirlits frá sovéskum stjórnvöldum var frumflutningi hans frestað og fór ekki fram fyrr en árið 1955, eftir dauða Stalíns. Verkið var helgað fiðluleikaranum David Oistrakh, sem þótti túlka það það af óviðjafnanlegri dýpt.

Konsertinn skiptist í fjóra hluta, hver með sinn eigin sérstaka persónuleika. Fyrsti kaflinn, Nocturne, hefur lágstemmdan, draumkenndan blæ þar sem Shostakovich skapar djúpan, innhverfan hljóðheim. Annar kaflinn, Scherzo, er fullur af fjörugu háði og óróleika, þar sem tónskáldið spilar með léttleika og kaldhæðni sem margir telja vísun til samfélagslegrar gagnrýni. Þriðji kaflinn, Passacaglia, er hjartnæmur og hádramatískur, þar sem endurtekin bassalína ber fiðluleikarann áfram í áhrifamikla, tilfinningaþrungna þróun. Lokakaflinn, Burlesque, er fjörugur og kraftmikill, og sýnir bæði listræna færni einleikarans og töfra verksins í heild sinni.

Konsertinn er ekki aðeins glæsileg sýning á tæknilegri kunnáttu, heldur einnig listræn könnun á flóknum tilfinningum og lífsgildum. Í gegnum verkið má heyra undirliggjandi togstreitu Shostakovich við erfiðar aðstæður og þær tilfinningar sem einkenndu skapandi líf hans.

RAVEL



Maurice Ravel (1875–1937) er sérstaklega þekktur fyrir píanótónlist sína og stór hljómsveitarverk. Á námsárum sínum í Conservatoire Parisar var hann ósáttur við hina íhaldsömu kennara sína og þróaði því sinn eigin stíl með áhrifum frá barokki til jazz. Hann var fær píanóleikari, hóf nám sjö ára að aldri og vann til verðlauna fyrir píanóleik á sínum yngri árum. Aðeins 24 ára að aldri vakti hann mikla athygli fyrir „Pavana pour une infante défunte“. Í samstarfi við rússneska ballettinn og S. Diaghilev samdi hann síðar tónlistina við ballettinn Daphnis og Chloe, sem skaut honum rækilega upp á stjörnuhimininn. Þegar fyrri heimsstyrjöldin hófst ákvað hann að ganga í flugherinn en var hafnað vegna líkamsburða sinna. Hann var því ráðinn sjúkraflutningamaður. Maurice Ravel var sannfærður um að stríðsátökin myndu gjörbreyta heiminum og samfélaginu og vildi ekki missa af slíkum atburði. Eftir stríðslok hóf hann aftur að starfa sem tónlistarmaður með góðum árangri. Hann fór í tónleikaferðir um Evrópu og Bandaríkin, þar sem hann kynnti eigin tónverk við góðar

undirtektir almennings og gagnrýnenda. Árið 1928 samdi hann svo sitt frægasta verk, Boléro, sem verður flutt hér í kvöld. Það var hinn frægi fransk-rússneski dansari Ida Rubinstein sem pantaði verkið hjá honum. Á millistríðsárunum var Ravel almennt álitinn fremsta þálfandi tónskáld Frakka. Meðal frægustu verka hans, auk Boléro, eru Gæsamamma, fimm barnaverk þar sem leikið er fjórhent á píanó, innblásið af fimm ævintýrum Charles Perrault. Það varð síðar hljómsveitarsvita og tveir píanókonserter, þar af er sá síðari, sem er í D-dúr, óvenjulegur að því leyti að píanóhlutinn er spilaður aðeins með vinstri hendi. Hann var skrifaður fyrir austurríska píanóleikarann P. Wittegenstein, sem missti hægri höndina í styrjöldinni. Svo má ekki gleyma hinu magnaða La valse, sem átti upphaflega að vera balletttónlist en hefur notið mestrar hylli sem hljómsveitarverk. Eftir alvarlegt bílslys veiktist Maurice Ravel. Þau veikindi leiddu smám saman til heilahrörunar og hann lést 28. desember 1937 í París, eftir heilaaðgerð.

BOLÉRO

Þótt Boléro sé í raun einfalt í smíðum er það ekki endilega auðvelt í flutningi. Stundum er það kallað Everesttindur sneriltrommuleikarans. Það er vegna þessa að taktursnerilsins er hryggjarstykki Boléro í 17 mínútur. Maurice Ravel á að hafa sagt: „Ég hef samið eitt meistaraverk, og það er Boléro. Því miður er engin tónlist í því.“ Hann átti þar við að innihald verksins er ekki mjög fjölbreytt hvað stefjapróun varðar. Í því hljómar grípandi stef sem leikið er aftur og aftur alla lengd verksins, en með nýjum og nýjum hljóðfærum í hverjum umgangi og með vaxandi styrkleika allt að dramatíska lokahlómnum. Verkið fór í gegnum endurnýjun lífdaga árið

1979 þegar það var notað í kvikmyndasmellinum 10, sem skartaði Bo Derek og Dudley Moore í aðalhlutverkum. Það gerði það að verkum að Ravel var um tíma metsöluhöfundur 40 árum eftir að hann lést. Á vetrarólympíuleikunum 1984 hlaut breska dansparið Jayne Torvill og Christopher Dean gullverðlaun fyrir listdans á skautum. Atriði þeirra var samið við 8 mínútna bít af Boléro. Flestir sem eru á miðjum aldri í dag kynntust verkinu við að horfa á þetta fræga dansatriði.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber vitnisburð um að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

1.FIÐLA

Guðbjartur Hákonarson, konsertmeistari
Sólveig Steinþórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andres Kleina
Júlíana Kjartansdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Marcin Lazarz
Tomasz Kolosowski

2.FIÐLA

Margrét Þorsteinsdóttir
Chrissie Telma Guðmundsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðardóttir
Hlín Erlendsdóttir
Agnes Eyja Gunnarsdóttir
Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir
Marika Alavere

VÍÓLA

Svava Bernharðdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Margrét Hjaltsted
Eydís Úlfarsdóttir

SELLÓ

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Victoria Tarevskaia
Ásdís Arnardóttir

BASSI

Gunnlaugur Torfi Stefánsson Þórir
Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan

PÍANÓ

Kjartan Valdemarsson

HORN

Joe Ognibene
Emil Friðfinnsson
Kjartan Ólafsson
Rakel Björt Helgadóttir

FLAUTA

Katrin Heymann
Petrea Óskarsdóttir
Una Björg Hjartardóttir

ÓBÓ

Matthías Birgir Nardeau
Peter Tompkins
Gillian Haworth

FAGOTT

Dagbjört Ingólfssdóttir
Brjann Ingason
Snorri Heimisson

KLARINETT

Ármann Helgason
Helga Arnardóttir
Michael Weaver

TROMPET

Vilhjálmur Sigurðarson
Sóley Björk Einarsdóttir
Jóhann Stefánsson
Øyvind Lapin Larsen

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Einar Jónsson
David Bobroff

TÚBA

Helgi Svavarsson

SLAGVERK

Þorvaldur Halldórsson
Steef van Oosterhout
Hjörleifur Örn Jónsson
Magnús Már Newman

HARPA

Elísabet Waage

PÁKUR

Emil Þorri Emilsson



**Ólafur
Arnalds**



**Samuel
Barber**



**Pjotr
Tšaikovski**

MEISTARAR

S T R E N G J A N N A

ADAGIO FYRIR STRENGI
SERENADE FYRIR STRENGI Í C-DÚR OP.48
ÖLDURÓT - SPIRAL

HLJÓMSVEITARSTJÓRI
ROSS JAMIE COLLINS

26. JANÚAR 2025 Í HOFI